

Skýrsla

Írar eru taldir standa öðrum löndum framar þegar kemur að íþróttum fyrir hreyfihamlaða og greindarskerta. Mikil framför átti sér stað í þessum málum fyrir nokkrum árum síðan þegar Special Ól fór fram á Írlandi. Eftir mótið hafa Írar náð að halda uppi þeirri jákvæðu ímynd sem Special Ól skapaði.

Ég dvaldi á Írlandi í viku í október á þessu ári og var markmið ferðarinnar að skoða aðstæður og vinnuaðferðir hjá öðrum félögum á sviði knattspyrnu fatlaðra og fá innsýn í hvernig aðrar þjóðir byggja upp og vinna með knattspyrnuþjálfun fatlaðra. Í leiðinni langaði mig að skoða hvaða vinnuaðferðum Spec Ól-sambandinu á Írlandi og önnur félög sem standa að þjálfun fatlaðra beita. Mig langaði að skoða þætti eins og hvernig aldurskiptingin hjá þeim er, á hvaða aldri krakkarnir byrja íþróttaiðkun sína og hvort skipt sé eftir getu einstaklinga. Önnur atriði sem mig langaði að skoða var hvernig þeir getuskipta hópum og fá nýja meðlimi til liðs við sig. Þegar leið á ferðina breyttust áherslur mínar og ég fór að leggja meiri áherslu á að skoða alla umgjörð írsku félagsliðanna.

Ég þjálfá sjálfur fatlaða í knattspyrnu og hef því farið í nokkrar keppnisferðir undir formerkjum Special Ól og þess vegna vakti það áhuga minn að sjá og kynnst hvaða vinnuaðferðum er beitt á Írlandi. Líkt og áður hefur komið fram standa Írar nokkuð framarlega þegar kemur að íþróttum fyrir hreyfihamlaða og greindarskerta. Þetta má rekja til ársins 2003 þegar Special Ól var haldið á Írlandi sem þótti mikil lyftistöng fyrir íþróttarhreyfingu fatlaðra þar í landi. Það má með sanni segja að írska þjóðin hafi haldið vel á spilunum að mótinu loknu og náð að halda þeirri jákvæðri ímynd sem Spec Ól skapaði.

Special Ól er fjölmennasti íþróttarviðburður heims og hvergi koma saman fleiri íþróttarmenn en einmitt þar. Tala hreyfihamlaðs og greindarskerts íþróttarfólks er mjög há á Írlandi og eru á milli 10.000-11.000 einstaklingar sem eru virkir meðlimir í um 420 klúbbum sem sinna sérstaklega þessu íþróttafólki. Í félagunum, eða klúbbum eins og þeir eru kallaðir á Írlandi, eru stundaðar margar ólíkar íþróttargreinar en þær vinsælustu og

fjölmennustu eru knattspyrna, frjálsar íþróttir, keila, sund, körfubolti og boccia - ekki svo ósvipað og á Íslandi.

Nú viðurkenni ég að á meðan á dvöl minni stóð varð ég bæði heillaður og vonsvikinn með vinnuaðferðir Special Ól á Írlandi. Þar er Special Ól að miklu leyti byggt upp af vinnu sjálfboðarliða sem gefur vinnu sína sama hvort það sé í þjálfun, stjórnmennsku, að halda utan um íþróttarviðburði, bókhald eða einfaldlega að hjálpa til á keppnisstað.

Á Írlandi eru skráðir um 25.000 sjálfboðaliðar og fer sú tala aðeins hækkandi. Mér fannst skrytið og heillandi í senn hvernig þeir fóru að því að gera sjálfboðavinnu svona vinsæla og eftirsóknarverða í samfélagi sem gengur nú í gegnum mikla efnahagserfiðleika. Írland er nú statt á svipuðum stað og Ísland þegar við vorum í hvað mestri kreppu, en þrátt fyrir það er gríðarlegt magn af sjálfboðarliðum sem eru tilbúnir til að gefa vinnu og tíma í þetta góða málefni.

Þrátt fyrir marga kosti eru einnig gallar og þar má helst nefna langsóttu skriffinsku. Þegar einstaklingur sækir um að verða sjálfboðaliði þarf hann að fara í gegnum heljarinnar skoðun hjá sambandinu sem tekur allt að fjóra mánuði, jafnvel þó ég gæti hafið störf strax daginn eftir þyrfti ég að bíða í fjóra mánuði og skiptir þá engu þó ég væri með allar bestu gráðurnar í knattspyrnuþjálfun. Þetta getur virkað mjög fráhrindandi á suma og gætu margir jafnvel talið þetta of mikið vesen og hreinlega hætt við.

Þegar ég hitti stjórnarformann Limerick Football Club, sem hafði einnig verið þjálfari knattspyrnuliðsins um árabíl, sagði hann mér að mikil skriffinska og pólitík ætti sér stað á bakvið tjöldin. Hann sagði mér frá því að þegar fólk sækir um að verða sjálfboðaliði fari umsókn þeirra í bunka með öðrum umsóknum. Næst fer starfsfólk Special Ól í gegnum umsóknirnar en þegar um þriðjungur umsóknanna hafa verið meðhöldlaðar er öðrum bunka af umsóknum skellt ofan á þær sem eftir voru. Þær geta því setið neðst í bunkanum í óralangan tíma og á meðan geta umsækjendurnir ekki hafið störf. Vinnuaðferðirnar eru sumar því vægast sagt undarlegar.

Það eru þó ekki aðeins sjálfboðaliðarnir sem lenda í þessum vandræðum heldur einnig íþróttarfólkið. Ætli hreyfihamlað eða greindarskert barn að mæta á knattspynuæfingu fengi hann ekki að taka þátt í æfingunni heldur mundi þjálfarinn tilkynna honum að hann

gæti mætt eftir rúmlega fjóra mánuði. Þetta getur verið gríðarlega erfitt fyrir fatlað barn að heyra og skilja.

Helsta ástæðan fyrir þessu langa ferli er sú að á Írlandi, líkt og annars staðar, hafa komið upp mál er varða kynferðisbrot gegn börnum af hálfu kennara, presta og öðrum er gegna trúnaðarstörfum með börnum og unglingum. Fólk er því skiljanlega á varðbergi og reyna að vanda vel valið inn í stöður þar sem unnið er með börnum og unglingum.

En Special Ól á Írlandi gerir þó meira gott og þeir halda vel utan um alla sína sjálfbodarliða og sitt íþróttafólk. Þeir halda einnig mjög vandvirkar og skipulagðar skrár um allt þetta mannhaf af fólki, sem er rúmlega 36.000 talsins. Að auki hafa þeir náð að gera þessa sjálfbodarvinnu aðlaðandi og innan þeirra ráða getur fólk unnið sig upp metorðastigann. Menn geta til dæmis byrjað sem aðstoðarmenn eða hjálparliðar og svo unnið sig upp í ábygdarfullri störf líkt og starf gjaldkera, stjórnarformaðanns eða að skipurleggja stóra íþróttarviburði innan Special Ól hreyfingarinnar.

Fólk vill gjarnan taka þátt í þessu starfi og vera hluti af þessu samfélagi sem hefur myndast innan hreyfingarinnar.

Spec-Ól á Írlandi heldur utan um alla klúbba og félög fyrir hreyfihamlaða og greindarskerta. Öll íþróttarmót eða íþróttarviðburðir sem fara fram á Írlandi eru einnig haldin undir formerkjum Spec-Ól sama hversu lítil eða stór þau eru. Um leið og að halda eigi mót eða viðburð er strax unnið eftir ákveðni formúlu eða vinnuaðferð sem Spec-Ól hefur gefið út, félögin eða klúbbarnir geta því farið eftir þessum vinnuaðferðum ef félögin eða klúbbarnir ráða ekki við umstangið geta þeir alltaf leitað til sambandsins með hjálp hvort sem það er í skipulagningu eða að fá fleirri sjálfbodarliða sig til liðs. Þetta gerir sjálfbodarliðum innan sinna félaga kleipt að vera mun sjálfstæðari í sínum vinnubrögðum og um leið gert þau minna háð Spec-Ól en eins og ég sagði fyrr þá geta þau alltaf leitað til þeirra með þau vandarmál eða hindranir sem geta komið upp.

Keppnis fyrirkomulag íþróttafélaga fatlaðra á Írlandi.

Írland er skipt upp í fimm sýslur og svo er þeim skipt upp í héruð og svo eru þessi héruð skipt upp í bæjarfélög. Keppnisfyrirkomulagið er skipt í tengslum við þessar sýslur, héruð og bæjarfélög. Ár hvert keppa félögin sín á milli í sýnum bæjarfélögum. Sigurvegarar úr hverju bæjarfélagi fá svo flesta leikmenn valda en einnig leikmenn sem samanstendur úr hinum liðunum er svo skipt upp í eitt lið, einskona úrvaldslið bæjarinnis þeir keppa svo við hin úrvaldslið bæjarfélagana. Eftir að hafa mæst og skorið úr héraðsmeistara þá fer í gang sama ferli aftur eða að valið er úrvaldslið héraðsins svo koma saman öll úrvaldslið héraðana og skera úr um hver verður sýslumeistari. Eftir það fer þetta sama ferli einu sinni enn í gang og þá er valið úrvaldslið sýslunar og svo keppa þessar fimm sýslur sín á milli hver verður Írlandsmeistari. Þetta leikskipulag er samt haldið á 2-4 ára millibili. Héraðsmeistari er krýndur ár hvert en sýslumeistari er krýndur annað hvert ár og svo að lokum er Írlandsmeistari krýndur fjórða hvert ár. Þetta fyrirkomulag er fyrir knattspyrnuna en einnig fyrir aðrar íþróttir á vegum Spec-Ól.

Ef við skoðum nú teningu FAI sem er knattspyrnusamband Írlands og Spec-Ól.

Knattspyrnusamband Írlands hefur verið að koma meira inn í myndina á síðustu árum bæði sem virkur aðili í knattspyrnu málum og einnig með hjálp fjármagns.

Knattspyrnusambandið heldur utan um verkefni sem heitir football for all eða knattspyrna fyrir alla, þetta verkefni fór á lagnirnar árið 2002. Innan þessara verkefnis knattspyrna fyrir alla eru í raun þrettán mismunandi prógrömm og eru virkir meðlimir í þessum verkefnum um það bil 3500 talsins. Hér eru nokkrir af þeim hópum sem þeir eru með innan sinna banda, heyrnalausir (400 manns), blindir (30 manns), áunnin heilaskaði (50 manns), vélhjólástóla knattspyrna (50 manns), knattspyrna fyrir alla skóli (1000 manns) og fleirra væri nefnt. Sumir þessara hópa geta tekið þátt fyrir hönd Spec-Ól en aðrir eru gjaldgengir á Paralympics svo sem blindir og heyrnalausir en margir af þessum hópum kjósa fremur að keppa bara við þá sem eru í sama fötlunar flokk og þeir sjálfir og eru oft á tíðum með eigin deildir sem þeir keppa í. Knattspyrnusambandið heldur einnig utan um öll átta landslið Spec-Ól sem fara víðsvegar og keppa á mótum erlendis. Auk þess sjá þeir fyrir að skaffa öllum landsliðsþjálfurum sem fara í þessar ferðir og eru þeir allir með þá knattspyrnumenntun sem til þarf. Það sem framtíðin ber í skauti sér hjá þessu framtaki

knattspyna fyrir alla er fyrst og fremst að halda örtröðið áfram með þá vinnu sem er nú þegar verið að vinna en auk þess vilja þeir setja á lagnirnar eins konar landsliðurtak fyrir marga hverja af þessum hópum og vinna og hlúa að þeim bestu leikmönnum sem eru undir þessum hatti þeirra, því oft á tíðum er mikið brottfall hjá þessum hópum og þarf að hlúa vel að þessum einstaklingum.

Hver er munurinn á Íslandi og Írlandi þegar kemur að knattspyrnuþjálfun fatlaðra, æfinga aðstöðu og umgjörð?

Þegar kemur að knattspyrnuþjálfun, æfingaaðstöðu og umgjörð félagsliða á Írlandi og Íslandi þá muni ég segja að við á Íslandi stöndum betur að vígi í sumum hlutum og Írar í öðrum. Munurinn er sá að þegar kemur að þjálfunar hlutanum þá erum við á Íslandi eflaust aðeins á undan og eru rök mín byggð á ára langri reynslu minni á nákvæmlega þannig þjálfun en við hjá Öspinni æfum allt að helmingi oftár á viku en þeir gera á Írlandi þeir æfa einungis 1-2 sinnum í viku í um það bil 90mín og við æfum fjórum sinnum í viku í um það bil 90-120 mín það er mikill munur þarna á milli og hefur það sýnt sig á síðustu mótum sem við Öspin höfum keppt á að við erum verulega að sækja á þessi bestu lönd hvað varðar getustig, þrátt fyrir að við séum með margfalt færri virka einstaklinga sem æfa á okkar snærum. Þegar kemur að æfingaaðstöðu mundi ég segja að bæði lönd standi jöfn að fæti en við á Íslandi þurfum jafnframt að æfa að einhverju leiti innan hús að vetri til í tiltulega litlu rými en svo á sumri til erum við allfarið að æfa úti við aðstæður eins og þær gerast best. Þar sem við Íslendingar erum mest á eftir á er þegar kemur að samkeppni en við fáum allt of fáa alvöru keppnisleiki en vissulega er aðal ástæða fyrir því fámennur fjöldi einstaklinga sem eru að æfa hérna í samanburði við Írland og önnur nágrannalönd. Á heildina litið erum við á Íslandi vissulega á réttri leið með knattspyrnuþjálfun og alla þá umgjörð sem kemur að því en þrátt fyrir það er þetta endarlaus barátta um að halda okkur við hin löndin í kringum okkur og má alls ekki stíga af bensíngjöfinni þegar kemur að þessum mikilvægu þáttum. Einnig má nefna að ksí hefur að undanfögnu farið að taka virkan þátt í þó nokkrum málefnum sem koma að

knattspyrnu fatlaðra hér á landi bæði með auknu fjármagni og líka með umfjöllun og skipulag.